

Máni N. Þ. 7. 6. 46

10.

Jarðsaga Íslands og íslenskt þjóðarhlutverk

Jarðsaga Íslands verður ennþá eftirtektarverðari, ef gert er ráð fyrir því, að kenningin um mannkynshlutverk íslensku þjóðarinnar sje rjett. Því að það virðast engar horfur á, að hið forna norræna mál og sumt i norrænu hugarfari sem því er tengt, hefði getað varðveisist, ef Ísland hefði ekki verið til. En hinsvegar virðist það hafa staðið nokkuð tæpt, að svo gæti orðið.

Eldgos ein hin mestu, sem á síðari áratugamiljónum hafa orðið á þessum hnetti, höfðu bygt upp meginland feiknavitt, sem náði frá Grænlandi alt til Bretlandseyja. Hinum miklu gosum lenti og lauk, og blágrýtismeginlandið mikla brast í sundur, eyddist og sökk að mestu í sjó. Virðist um alllangan tíma helst hafa verið horfur á því, að ekki yrði annað eftir af þessu viða meginlandi, en nokkrar litilsháttar eyjaþyrpingar hjer og hvar í úthafinu. En eftir langa hvild, sótti þó hitinn í undirdjúpunum aftur á, og aftur

fór að gjósa, að vísu aðeins á örlistu svæði miðað við það sem áður hafði verið, en þó svo, að Ísland varð til á þessum stað norðurhafssins, þar sem að öðrum kosti mundu aðeins hafa verið nokkrar smáeyar, þar sem ekki hefði getað skapast íslensk þjóð og íslensk þjóðarmenning.

Og sjálfur staðurinn sem þetta gerðist á, er einnig mjög eftirtektarverður. Hefði eyland þetta orðið nokkru norðar, mundi það hafa verið með öllu óbyggilegt, eða a. m. k. óhæft til þess að þar hefði getað orðið menningarþjóð slik sem Íslendingar urðu. En hefði það verið nokkuð til muna sunnar, þá mundu ekki hafa orðið þessar fjórar dýrmætu sjálfstæðisaldir.

Það er óhætt að segja, að snilldarorð Jónasar Hallgrímssonar: „Búinn er úr bálastorku bergkastali frjálsri þjóð“ geta átt við landið alt, og ekki eingöngu alþingisstaðinn.

1. maí.

1946

Helgi Pjeturss